



Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 21. desember 2020
Tilv.: FJR20120050/11.4.5

Efni: Umsögn vegna sölumeðferðar á eignarhlutum Íslandsbanka hf.

Tillaga hefur borist frá Bankasýslu ríkisins um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka hf. í samræmi við ákvæði laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 og laga um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012. Fallist hefur verið á tillöguna um að hefja sölu á eignarhlut í bankanum.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 155/2012 hefur verið útbúin greinargerð um ráðgerða sölumeðferð sem lögð verður fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Í greinargerðinni koma fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutarins, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttáð að öðru leyti. Fylgiskjöl með greinargerðinni eru tillaga Bankasýslu ríkisins og minnisblað stofnunarinnar um málið.

Þegar fallist hefur verið á tillögu um að hefja sölumeðferð vegna eignarhlutar ríkisins í fjármálafyrirtæki skal jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Óskað er hér með eftir umsögn Seðlabankans og þess að hún liggja fyrir eigi síðar en þann 15. janúar 2021.

Fyrir hönd ráðherra

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason